

**Skeljungur hf.**

Aðalfundardagur: 20. mars 2018

Fundarstaður: Hilton Reykjavík Nordica

Dagskrárliður	Tillaga lögð fram af	Með	Hjáseta	Móti	Athugasemd
1 Staðfesting ársreiknings	Stjórn	✓			
2 Ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps	Stjórn	✓			
3 Tillaga að starfskjarastefnu	Stjórn	✓			Lögð fram bókun
4 Tillaga að þóknun stjórnarmanna, undirnefnda og endursk.	Stjórn	✓			
5 Kosning stjórnar	Stjórn				Sjálfkjörið
6 Kosning tilnefningarnefndar	Stjórn				Sjálfkjörið
7 Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis	Stjórn	✓			


## BÓKUN

Gildis-lífeyrissjóðs á aðalfundi Skeljungs hf. 20.3.2018

Gildi-lífeyrissjóður óskar eftir því að eftirfarandi verði fært til bókar í fundargerð hluthafafundarins:

1. Stjórn Skeljungs leggur fyrir aðalfundinn óbreytta starfskjarastefnu og henni fylgir skýrsla um framkvæmd hennar sem gerð hefur verið grein fyrir. Félagið hefur gengið lengra en flest skráð félög í umfjöllun um starfskjarastefnu og gerð skýrslu um framkvæmd starfskjarastefnu og vill Gildi hvetja stjórn félagsins til þess að halda áfram á þeirri vegferð.
2. Í þessu samhengi er rétt að láta þess getið að Gildi telur rétt við ákvörðun launa forstjóra að líta til innri þátta félags, launadreifingar innan þess og launa sem ætla má að forstjóra bjóðist á þeim markaði sem félagið starfar á. Í þessu samhengi leggur Gildi áherslu á heildarlaun. Áhersla er að sama skapi í starfskjarastefnu Skeljungs á samkeppnishæfar heildargreiðslur. Ef notast er við árangurstengd launakerfi er rétt að gæta þess að föst laun séu að sama skapi lægri samanborið við félög þar sem slík árangurstengd kerfi eru ekki til staðar.
3. Gildi leggur áherslu á að starfskjarastefnur greini hvernig þær styðji við langtímahagsmuni og sjálfbærni félaga og að sett séu fram skýr skilyrði og forsendur fyrir föstum og árangurstengdum launagreiðslum. Gert er ráð fyrir að greint sé frá því hversu háar árangurstengdar launagreiðslur geta orðið þannig að háþörm og takþörm komi fram í stefnunni sjálfri. Því er beint til stjórnar félagsins að taka starfskjarastefnu félagsins til skoðunar með það í huga að lýsa stærð árangurstengds launakerfis og háþörmum og takþörmum á greiðslum til einstakra stjórnenda þannig að slíkt komi fram í starfskjarastefnunni sjálfri.
4. Mikilvægt er að stjórn félags rökstyðji hverju sinni starfskjör stjórnenda og fjárhæð þeirra, þ.m.t. breytilega launaliði ef þeim er fyrir að fara og geri grein fyrir breytingum á milli ára með sundurliðun á föstum og breytilegum greiðslum. Af þessum sökum meðal annars er mikilvægt að gerð sé skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu sem félagið hefur gert. Því er beint til stjórnar félagsins að sundurliða framvegis greiðslur til einstakra stjórnenda í fastar og breytilegar greiðslur, ásamt því að upplýsa um frestaðar greiðslur sem koma til greiðslu síðar séu þær til staðar.

Reykjavík, 20. mars 2018



Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri